

431. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn miðvikudaginn 26. september 2018 í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

Rebekka Hilmarsdóttir formaður, Arnar Freyr Einarsson ANR, Hrafn Hlynsson FJR, Arnar Árnason formaður LK, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ og Gunnar Þorgeirsson, formaður SG. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri BÍ og Ása Þórhildur Þórðardóttir ANR.

Þetta var gert.

1. Greint var frá breyttri skipan nefndarinnar. Tilkynt var að Ása Þórhildur Þórðardóttir taki við sem formaður nefndarinnar frá og með 1. október 2018 og Eggert Ólafsson verði varaformaður.
2. Tekin var fyrir tillaga ANR vegna umsýslukostnaðar við gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Málið varðar greiðslu kostnaðar til Landgræðslu ríkisins fyrir mat og eftirlit með landnýtingu þátttakenda í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Landgræðslan hafi ekki fengið greiðslu í samræmi við 11. gr. samnings milli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Matvælastofnunar vegna ársins 2017, en samkvæmt samningnum átti að greiða Landgræðslu ríkisins 5.290.000 kr. fyrir verkið. Greint var frá því að ráðuneytið hafi átt í bréfasamskiptum við Landgræðslu ríkisins, umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Matvælastofnun vegna málsins síðustu mánuði. Ráðuneytið lagði til að framkvæmdanefnd myndi heimila að 5.290.000 kr. yrðu greiddar af ónýttum beingreiðslum árið 2018. Þá yrði gengið frá nýju samkomulagi við Landgræðsluna skv. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu um þau verkefni sem að mælt er fyrir um að stofnunin sinni samkvæmt reglugerðinni og teljast ekki hluti af lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Vegna ársins 2018 yrðu 6.875.400 kr. greiddar af liðnum ónýttar beingreiðslur og framkvæmdanefnd myndi heimila að árlega fram að endurskoðun búvörusamninga yrði 6.875.400 kr. færðar af liðnum gæðastýrð sauðfjárrækt í samræmi við samkomulag við Landgræðsluna. Tillögur ráðuneytisins voru ræddar og benti formaður BÍ á að um væri að ræða fjármuni sem að ætlaðir væru til stuðnings við landbúnað og ættu ekki að renna til ríkistofnunar. Þá var bent á að rétt væri að taka málefnið upp í vinnu við endurskoðun samninganna sem er í gangi á þessu ári. Formaður nefndarinnar lagði til að greitt yrði vegna ársins 2017 af ónýttum beingreiðslum og umfjöllun um greiðslur vegna 2018 og 2019 yrði frestað fram að næsta fundi. Sú tillaga var samþykkt.
3. Tekin var fyrir tillaga um ráðstöfun framleiðslujafnvægis skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda. Lagt var til að fjármunum af 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt yrði ráðstafað á lið um kynbótastarf, nánar tiltekið til verkefnis um erfðamegnisúrval í nautgriparækt. Verkefnið styður við framþróun ræktunar hér á landi. Formaður nefndarinnar upplýsti að til ráðstöfunar væru 53.203.846 kr. Tillagan var samþykkt.
4. Tekið var fyrir erindi Sambands garðyrkjubænda um breytingu á 19. gr. reglugerðar nr. 1182/2017, varðandi niðurgreiðslu raforku, skv. 5. gr. samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða. Breytingin felst í því að heimilt verði að greiða niður kostnað við fastagjald vegna dreifingar og flutnings raforku. Breytingunni er ætlað að hafa þau áhrif að þeir garðyrkjubændur sem það vilja, falli undir stórnotendataxta og spara þannig kostnað vegna flutnings- og dreifingar raforku til ylræktar með hagkvæmari innkaupum á raforku. Talið er að breytingin geti sparað allt að 20 milljónir á ársgrundvelli. Bent var á að í 5. gr. samningsins væri skýrt kveðið á um að fastagjöld skuli alfarið greiddast af framleiðendum og

að reglugerðin væri skrifuð í samræmi við samninginn. Umræður voru um sterk rök með breytingunni, þar sem í væri verið að fara betur með fé. Nánari upplýsingar munu berast frá Sambandi garðyrkjubænda. Umræðu frestað.

5. Næsti fundur verður haldinn 15. nóvember nk. Formaður benti á að ákveða þurfi fyrir 1. nóvember 2018 hvort gera eigi breytingar á ákveðnum stuðlum. Ef óskað verður eftir því verður haldinn aukafundur í október.

Önnur mál.

- Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu tók upp að breyta þurfi lögum hvað varðar afurðaskýrsluhald.
- Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu benti á að Matvælastofnun hefði ekki verið tryggt fjármagn til að halda viðbótarstarfsmanni til að annast framkvæmd búvörusamninga. Formaður upplýsti að ekki hefði fengist fjármagn í fjárhagsramma Matvælastofnunar.
- Rætt var um innlausn 1. nóvember nk. og tillögur að breytingum.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið 14:15